



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Rýni stjórnenda Vorönn 2021

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda	2
Innri úttektir	6
Endurgjöf frá viðskiptavinum	7
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2021	8
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	9
Stutt áfangamat.....	10
Mat á vinnustofukerfi.....	11
Forsjáraðilakönnun.....	12
Frammistaða ferla og samræmi vöru	13
Yfirferð á skjölum	13
Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall	13
Ábendingar, kvartanir, frábrigði.....	15
Útskrift áfanga.....	15
Kennsluáætlanir	15
Framvindumat	16
Áfangaskýrslur	16
Einkunnalistar.....	17
Gerð námsmatspátta.....	17
Samantekt	17
Staða forvarna og úrbóta	18
Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	19
Jafnlaunakerfið	19
Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar	19

Innri úttektir jafnlaunakerfis	22
Niðurstöður markmiða.....	22
Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	23
Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans	23
Tillögur um umbætur	24
Tillögur um auðlindir	26

Dags.: 7.6.2021	Tími: 9:00	Staðsetning: Friðarstofa	Fund boðaði: BJ
-----------------	------------	--------------------------	-----------------

Mættir:	Karen, Lilja og Birgir
Fjarverandi:	

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir haustönn 2020 fór fram í byrjun vorannar 2021. Á aðgerðarlista fyrir vorönnina voru eftirtalin verkefni:

- Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir. Eftirfylgni hefur verið á höndum gæðastjóra og unnið hefur verið að því að forma betur ferlið við þær. Það verður unnið áfram með þetta markmið næstu annir/ár.
- Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi. Unnið er eftir áætlun sem gerð er frá ári til árs og þannig tryggt að allar verklagsreglur séu teknar út árlega og þar með kröfur staðalsins. Úttektirnar eru í höndum aðila úr gæðaráði og gæðastjóri hefur yfirumsjón með vinnunni.
- Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir. Í gegnum hverja úttekt er skipulagið í raun þróað. Gæðastjóri og úttektaraðilar vinna náið saman að þessu og munu halda áfram næstu annir. Huga verður að því að þjálfa upp fleiri úttektaraðila.
- Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Nú var hafður sérstakur áfangamatstími og var sérstök vinnustofa valin til þess. Þar náðist góð svörun og síðan var fylgt á eftir til að ná lágmarksfjölda. Haldið var áfram með umbun fyrir þátttöku. Nemendur gátu sent inn staðfestingu á að hafa lokið við matið og fóru þá í pott sem dregið var úr.
- Gera þjónustukannanir á árinu. Ákveðið var að leggja könnun fyrir forsjáraðila í lok haustannar 2020 en þjónustukönnunum sem var frestað til vorsins var aftur frestað og verður það skoðað í tengslum við matsáætlun næsta skólaárs.
- Koma starfsmannasamtölum í fastar skorður. Þetta markmið hefur ekki náðst en ástandið hefur sett strik í reikninginn. Enn er þó stefnt að því að allt starfsfólk fari í starfsmannasamtal einu sinni á árinu.
- Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni. Rýnihópar voru settir saman til að fara ofan í saumana á

vinnustofukerfinu sem var sett upp í upphafi annarinnar. Áfram verður haldið að forma starfið við rýnihópa á næstu önnum.

- Vinna SVÓT-greiningu og umbótaáætlun út frá niðurstöðum úr Stofnun ársins í samráði við starfsfólk. Starfsfólk vann í hópum að eins konar SVÓT-greiningu á niðurstöðum úr Stofnun ársins. Í kjölfarið var ákveðið að fara í vinnustaðagreiningu sem var gerð undir lok annarinnar og mun eftirfylgni hennar verða á haustönn 2021.
- Halda áfram að þróa ferli við framvindumat. Að undanfögnu hefur verið lögð áhersla á að kennarar komi í samtal sem skilar sér í mun dýpri greiningu á stöðunni í áföngunum. Haldið verður áfram á þessari braut á næstum önnum.
- Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og hlutverk þeirra innan þess. Gæðastjóri útbjó myndbönd þar sem farið er yfir útfyllingu gátlista og varð það hluti af þeim gögnum sem kennarar fá við upphaf vinnu sinnar. Sérstakt svæði fyrir starfsfólk, svokölluð Innra, verður komin í gagnid fyrir haustönn 2021. Allir sem hefja störf fá þá aðgang að henni þegar þeir hefja störf.
- Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum *Gerð námsmatsþátta* áður en þátturinn er lagður fyrir. Skref hafa verið stigin á önninni í því að tryggja rýni námsmatsþátta og skil á gátlistanum. Farið var yfir málið með kennurum á fundi og eftirfylgni veitt. Einnig var ákveðið að rýnir myndi undirrita gátlistann til að staðfesta rýnina. Verður nýtt eyðublað með þeim möguleika tekið í notkun fyrir haustönn 2021.
- Endurskoða kröfur varðandi námskeið. Tryggt verður að öll námskeið sem verða kennd innan skólans falli að sömu kröfum og annað nám innan skólans, þ.m.t. að skila skjölum.
- Koma á reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar. Það hefur ekki náðst nægilega góður árangur í þessu þótt deildarstjórafundir séu haldnir reglulega með stjórnendum og niðurstöður skjalaðar.
- Kortleggja hlutverk deildarstjóra í ljósi þeirra breytinga á vinnustaðanámi sem eru fyrirhugaðar. Á önninni var hlutverk þeirra kortlagt og var farið í breytingar á deildarstjórn í lok annar.

- Tryggja að nýtt starfsfólk sé vel upplýst um starfsemina þegar það hefur störf. Innleiðing á GÁT-lista við móttöku starfsmanna hefur farið fram á skólaárinu. Sú vinna verður þróuð enn frekar og eftirfylgni tryggð. Einnig verður sérstakt svæði fyrir starfsfólk, svokölluð Innra, verður komin í gagnid fyrir haustönn 2021. Allir fá aðgang að henni þegar þeir hefja störf.
- Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum. Ferli við skráningu á frávikum er orðið mun skýrara. Haldið verður áfram með að þróa þetta ferli þannig að öll frávik séu skráð, meðhöndluð og eftirfylgni sé tryggð.
- Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur. Jafnlaunakerfið var kynnt sérstaklega á önninni og könnun var lögð fyrir. Niðurstöður hennar benda þó til þess að endurskoða þurfi hlutina varðandi kynningar á kerfinu.
- Persónubundnir þættir inn í starfaflokkun. Þetta var metið í eftirlitsúttekt á jafnlaunakerfinu og ekki var talin þörf á því að innleiða þetta strax. Verður áfram til skoðunar.
- Auglýsa stöður í verknámi með það fyrir augum að höfða til allra kynja. Þetta var gert sl. vor þegar auglýst var eftir kennurum. Það skilaði sér í því að kona var ráðin til starfa við kennslu rafiðngreina. Þessu hefur verið haldið áfram í þeim auglýsingum sem hafa verið gerðar síðan.
- Ljúka innleiðingu fyrstu tveggja grænu skrefanna (Græn skref í ríkisrekstri). Verkefnið hefur tafist en er enn áætlað að þessu ljúki fyrir sumarlok.
- Halda áfram að þróa og innleiða skjalavistunaráætlun skólans. Vinna hefur farið fram við þetta á önninni. M.a. hafa verið sótt námskeið og virk umræða farið framan innan stjórnendateymis. Verður haldið áfram með þetta.
- Innleiða upplýsingaöryggisstefnu. Vinna við gerð upplýsingaöryggisstefnu og áhættumats fór fram á önninni í sérstökum starfshópi. Áfram verður unnið með þetta á komandi skólaári.

- Innleiða loftslagsstefnu. Verkefnið hefur tafist er enn áætlað að þessu verði lokið fyrir sumarlok. Verður umhverfis- og loftslagsstefna.
- Endurskoðun starfslýsinga. Allar starfslýsingar voru endurskoðaðar á önninni í tengslum við vottun gæðakerfsins. Þær er að finna samþykktar í rekstrarhandbók skólans.
- Endurskoðun stúdentsbrauta. Tafðist vegna COVID-19 en verður lokið fyrir upphaf haustannar 2021 og stefnt að því að hefja kennslu á brautunum í upphafi vorannar 2022.
- Innleiðing mannauðskerfa. Innleiðingin hefur staðið yfir undanfarið skólaár og búið er að gera það sem hægt er í bili. Áfram verður haldið við þá vinnu á komandi skólaári.
- Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið. Var ekki lokið við þetta vegna anna en verður unnið á næsta skólaári. Verður samtvinnað við markmið í stefnumótun ríkisaðila.
- Vottun gæðakerfis á vorönn 2021. Gæðakerfi skólans hlaut vottun til þriggja ára í aprílbyrjun. Vottunaraðilinn iCert sá um ferlið og mun sinna eftirlitsúttektum árlega.
- Þarf að samþykkja öll skjöl varðandi gæðakerfið og koma á vefinn. Í tengslum við vottun voru öll skjöl samþykkt inn í nýlega innleitt Sharepoint-kerfi. Í kjölfarið verður rekstrarhandbókin birt á starfsmannasvæði skólans, svokallaðri starfsmannahandbók.
- Koma upp virku samstarfi við grunnskóla í sveitarfélaginu. Afar virkt samtal hefur verið við grunnskólana á önninni. Grunnskólakennarar komu í heimsókn í skólann og verkefni er í undirbúningi þar sem nemendur á unglingastigi koma í VA og taka hluta valgreina sinna í verkgreinum. Haldið verður áfram að styrkja og efla þessi tengsl á næstu önnnum.
- Koma upp samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu í tengslum við enduopnun Fab Lab. Fab Lab opnar á haustdögum og þá verður settur aukinn kraftur í þetta.

- Nýta Fab Lab markvisst í kynningarstarfi. Fab Lab opnar á haustdögum og þá verður þetta óspart nýtt í kynningar fyrir fólk á öllum aldri. Sem dæmi má nefna munu grunnskólarnir í sveitarfélaginu koma og nýta Fab Lab með markvissari hætti en áður.
- Vinna með starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum. Skólinn hefur verið mjög virkur í námskeiðahaldi og námsferðum sem hefur verið í dvala vegna Covid-19. Áætlað var að halda námskeið í lok annar og fara í námsferð norður í land en því var slegið á frest vegna fjöldatakmakana. Aukinn kraftur verður settur í þennan þátt þegar Covid ástandinu lýkur.
- Bæta aðgengi að mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk. Koma upp sal/aðstöðu fyrir félagslíf og fræðslu. Bæta starfsaðstöðu kennara. Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi. Öll þessi markmið eru fram í desember og snúa öll að væntanlegum breytingum á húsnæði skólans. Ferli við það er komið í gang og sjáum við fyrir okkur að því verði lokið í kringum áramótin 2021/2022.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri áætlun sem gerð er fyrir hvert almanaksár þar sem stuðst er við eyðublaðið GÁT-003. Þeir þættir sem teknir voru út á vorönn 2021 voru jafnlaunakerfi, starfsmannamál og mat innan skólans. Þættirnir nám og kennsla og starfsemi bókasafns áttu samkvæmt áætlun að vera teknir út en var frestað. Tryggt verður að þeir verði teknir út fyrir lok ársins. Úttektarmenn voru þeir Jón Valgeir Jónsson og Gunnar S. Ólafsson. Gerðar voru 31 athugasemdir sem skráðar voru á GÁT-005 Frávika- og úrbótaskýrsla. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Þær umbætur sem þurfti að ráðast í voru:

- Endurskoða framsetningu á VKL-217. Reglan er óskýr og utanaðkomandi gæti ekki skilið hvað ætti að gera. Þarf því að hugsa þetta alveg upp á nýtt.
- Laga ýmis starfaheiti í VKL-218. Passa að það sé samhljómur á milli VKL-217 og 218 að því leyti.

- Uppfæra starfslýsingar. Vinna við það kláraðist á önninni, rétt eftir að úttektin var gerð.
- Uppfæra VKL-206. Nota orðið áfangamat í stað kennslumats o.fl.
- Laga rugling á númerum á hæfnimatrixu og tilvísanayfirliti. Var gert við yfirfærslu kerfisins í Sharepointkerfið.
- Skerpa og skjalfesta endurmenntunaráætlun skólans.
- Taka ákvörðun um hvort GÁT-030 sé óþarft.
- Endurskoða og efla kynningu á jafnlaunakerfinu.
- Laga heiti á VKL-220.
- Koma hlunnindaskrá í virkni og geymslu á ákveðnum stað.
- Laga texta í VKL-402, VKL-406 og VKL-408.
- Skoða reglurnar í samhengi við breytingar á deildarstjórn
- Skoða hvað gerist ef áfangar standast ekki útskrift áfanga. Þarf að skrifa slíkt ferli inn í reglurnar.

Endurgjöf frá viðskiptavinum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Áfangamatið er framkvæmt í gegnum Innu og er framkvæmdin í höndum gæðastjóra. Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr

kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar fyrir starfsfólki í annarlök.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar settir í mat, þar sem framkvæmdin er einfaldari. Líkt og á síðustu önn voru tvær útgáfur af áfangamati: áfangamat fyrir dagskóla og dreifnám og áfangamat fyrir fjarnám. Stutttri útgáfu áfangamats var frestað aftur vegna COVID-19 en þráðurinn verður tekinn aftur upp á haustönn 2021.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2021


Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 11. mars og lauk 26. mars.

Áfangamatið var lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi, dagskóli/dreifnám og fjarnám.

Svarhlutfall var 70% í dagskóla/dreifnámi og 40% í fjarnámsáföngum og heildarsvarhlutfall 60% en miðað er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar.

Í þetta sinn var ný spurning þar sem sérstaklega var spurt út í viðhorf nemenda til nýja vinnustofukerfisins sem tekið var upp í upphafi annar.

Svarhlutfallið í áfangamatinu var yfir 70% í 58 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 22 áföngum. 42% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í áfanga var 59%.



Mynd 1: Svarhlutfall áfangamats í dagskóla eftir önnum.

Á Mynd 1 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati í dagskóla síðustu annir. Ljóst er að ekki náðist í svipað svarhlutfall og á síðustu önn en haldið verður áfram að hífa það upp á næstu önn.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu, er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á Mynd 2 þá hefur gæðamarkmið ekki náðst fyrir fyrri mælikvarðann en það náðist fyrir þann seinni eins og sjá má á Mynd 3.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats sl. sex anna – Ánægja með kennslu



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. sex anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna *Áfangamat vorönn 2021* sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.	Áfangamat: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.	78%	Mars 2021	≥ 80% svari <i>frekar sammála eða mjög sammála.</i>
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi.	82%	Mars 2021	≥ 80% svari <i>frekar sammála og mjög sammála.</i>


Stutt áfangamat

Í kjölfar haustannar 2019 var tekin sú ákvörðun að hafa einnig styttra áfangamat undir lok vorannar 2020. Tilgangurinn var sá að kennarar fengju þar samanburð við áfangamatið á miðri önn. Var slíkt mat keyrt á vorönn 2020. Aftur átti að keyra slíkt á haustönn 2020 en

vegna COVID-19 og fjölda annarra kannana var ákveðið að fresta því til loka vorannar 2021. Á vorönn 2021 var aftur ákveðið að fresta matinu og nú til haustannar 2021 vegna COVID-19.

Mat á vinnustofukerfi

Í lok haustannar 2020 var tekin sú ákvörðun að prófa að taka upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Þá voru 25% af kennslustundum í hefðbundnum kennslustundum eða svokölluðum áfangatímum og 75% í svokölluðum vinnustofum. Var sú ákvörðun tekin til þess að skólinn yrði betur í stakk búinn að mæta skyndilegum breytingum á sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19. Með því að taka upp vinnustofukerfi myndi tvennt ávinnast, nemendur gætu stundað nám sitt í skólanum að mestu þótt reglur yrðu hertar og að fækka árekstrum í stundatöflum. Var kerfið mótað í samráði við kennara og nemendur og hófst vinna í því í upphafi vorannar. Ýmsir vankantar voru sniðnir af jafnóðum en ákveðið var um miðbik annarinnar að ráðast í það að meta kerfið í heild. Nemendur svöruðu spurningunum um kerfið í áfangamatinu og svöruðu kennarar sömu spurningu stuttu síðar. Á mynd 4 má sjá niðurstöðuna úr þeirri spurningu.



Mynd 4: Hvernig finnst þér nýja vinnustofukerfið nýttast. Nemendur – Kennarar.

Í kjölfarið voru settir saman rýnihópar nemenda og kennara þar sem ætlunin var að safna enn meiri upplýsingum um kerfið. Rýnihóp nemenda var skipt í tvennt, annars vegar með nemendum af stúdentsbrautum og hins vegar nemendum úr iðn- og starfsnámi. Var horft til þess að hafa hlutföll sem jöfnust í aldri og kyni. Voru 6 nemendur í hvorum hóp fyrir sig. Kennurum var einnig skipt í tvo hópa með sama hætti en þar var öllum kennurum sem voru að kenna í kerfinu boðið að taka þátt. Umræðuformið var á þann hátt að fyrst var farinn hringur þar sem allir áttu að nefna eitthvað jákvætt við kerfið. Því næst var farinn hringur þar sem allir áttu að nefna eitthvað neikvætt eða eitthvað sem betur mætti fara og í lokin var opin umræða. Þetta skilaði sér í því að raddir allra heyrðust.

Niðurstaðan úr rýnihópunum var heilt yfir jákvæð þar sem helstu kostir kerfisins voru að þetta yki ábyrgð nemenda, þeir hefðu meiri stjórn á eigin námi, námið yrði sveigjanlegra og skipulagið veitti gott aðhald fyrir nemendur og kennara. Það sem var helst nefnt sem væri neikvætt eða mætti bæta var eftirfylgni með nemendum, tryggja einhvern veginn að þeir sæktu þær vinnustofur sem þeir þyrftu að sækja og að það þyrfti að kveikja neistann hjá þeim sem sæktu vinnustofur illa.

Í kjölfarið á rýnihópunum fengu kennarar kynningu á fyrirkomulaginu í Framhaldsskólanum að Laugum en þar er ýmislegt sambærilegt. Í kjölfarið var settur saman starfshópur til að vinna tillögu að endurbættu kerfi en hann samanstóð af tveimur stjórnendum og fimm kennurum. Hópurinn skilaði af sér tillögum þann 17. maí og í kjölfarið voru tillögurnar bornar undir kennarafund þann 25. maí og koma til framkvæmdar á haustönn 2021.

Forsjáráðilakönnun

Á haustönninni var ákveðið að leggja könnun fyrir forsjáraðila nemenda undir 18 ára aldri. Könnunin var lögð fyrir þann 4. desember 2020 og var fyrirlagningu lokið 17. desember 2020. Könnunin samanstóð af 20 spurningum, 14 valkostaspurningum og 6 opnum. Spurningalistinn var sendur á forsjáraðila nemenda undir 18 ára aldri í gegnum INNU og bárust 59 svör en könnunin var send á alls 143 netföng. Niðurstöðurnar ber að skoða í ljósi þess að um fremur lágt hlutfall er að ræða. Samkvæmt könnuninni er mikil ánægja meðal forsjáraðila með skólann og sérstaklega hvernig haldið var utan um nemendur í COVID-19. Ánægjuna má sjá í viðbrögðum við eftirfarandi fullyrðingu sem er í ætt við þær sem nýttar eru í gæðamarkmið skólans: Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta

nemendur. Þar voru 91% svarenda sammála eða mjög sammála því að VA standi sig vel í að mennta nemendur.



Mynd 5. Verkenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur.

Um niðurstöðurnar í heild má lesa í sérstakri skýrslu á heimasíðu skólans.

Frammistaða ferla og samræmi vöru

Yfirferð á skjölum

Mikil vinna hefur verið undanfarnar annir við að yfirfara gæðakerfið, fara í gegnum verklag og betrumbæta. Það er búið að fara í gegnum allar verklagsreglur kerfisins og meginþorra allra gátlista. Undanfarið ár hefur verið stefnt að úttekt kerfisins og fór sú úttekt fram dagana 11. og 12. mars og var hún framkvæmd af vottunarstofunni iCert. Þann 6. apríl tilkynnti stofan loks að skólinn hlyti vottun til næstu þriggja ára. Kerfið mun á þeim tíma fara í eftirlitsúttektir árlega.

Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall

Samkvæmt gæðamarkmiðum skólans skulu mætingar nemenda í dagskóla vera yfir 90%. Á önninni var tekið upp nýtt kerfi þar sem 75% af kennslutíma voru í svokölluðum vinnustofum en 25% í hefðbundnum kennslustundum sem kallaðir voru áfangatímar. Sá mælikvarði sem verður notaður hér verður því áfangatímarnir því þeir eru sambærilegir við þann mælikvarða sem áður var notaður. Þegar vorönnin er skoðuð kemur í ljós að mætingarnar voru 80,2% eða töluvert undir markmiði. Þegar mæting í vinnustofur var skoðuð sést að hún var 77% sem er einnig undir markmiðinu en hafa ber í huga að þar er ekki um sambærilegan mælikvarða að ræða.

Gæðamarkmið skólans varðandi meðaleinkunn er að meðaleinkunn sé 6 eða hærri þegar tekið er til allra áfanga. Á vorönn 2021 var meðaleinkunn 6,83 og því ljóst að gæðamarkmið náðist.

Fallprósenta var 16,4% sem þýðir að gæðamarkmiði er náð en það er að vera undir 17%.

Brottfall var 5,2% samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hefur verið innan skólans en hún felst í því að skrá þá sem hverfa frá námi í okkar skóla. Markmiðið er að vera undir 3% og því ljóst að við náum markmiðinu ekki alveg ef litið er til þeirrar aðferðar. Ef notuð er aðferð MMR þá er brottfall innan skólans 6,7% (2019) en var búið að vera 0% tvö síðustu ár þar á undan (2017 og 2018). Aðferðin sem stuðst er við þar er að skoða nemendur sem hefja nám í VA að loknum 10. bekk og hvort þeir skili sér inn á annað ár í framhaldsskóla óháð tilfærslu milli skóla. Ljóst er því að þar næst markmiðið ekki heldur.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.	Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,83	Maí 2021	≥ 6
	Fallprósenta (allir áfangar)	16,4%	Maí 2021	≤ 17%
Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.	Mætingar %	80,2%	Maí 2021	90%
	Brottfall %	5,2%	Maí 2021	≤ 3%

Ábendingar, kvartanir, frábrigði

Vinna hefur staðið yfir við að forma ferlið við ábendingar, kvartanir og frábrigði. Alls bárust 9 ábendingar, kvartanir, frábrigði á önninni og voru allar leiddar til lykta. Yfirlit yfir mál og niðurstöður þeirra er vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. vorönn 2021*.

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til gæðastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af gæðastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til. Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á vorönn 2021 var hlutfall útskrifaðra áfanga 98%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu

lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra vorönn 2021:

- Vorönn 2021 – 98%

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á önninni. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra. Deildarstjórar skiluðu gæðastjóra framvindumatinu 16. mars og fundaði gæðastjóri með þeim strax í kjölfarið. Niðurstöður framvindumats voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann 24. mars og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat.

Í kjölfar framvindumats bárust 5 athugasemdir sem sendar voru til viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Framvindumat vor 2021*.

Áfangaskýrslur

Í lok hverrar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á GÁT-018 sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru 12 færð þangað, þar af voru 6 vegna hárrar fallprósentu í áfanga en þar er málið skoðað ef fall er yfir 35%. Sérstakur gátlisti var tekinn upp í kjölfarið

og fundað er með þeim kennurum sem hlut eiga að máli þar sem tilgangurinn er að finna og greina frávik með umbætur að leiðarljósi.

Þær athugasemdir sem voru skráðar voru sendar viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. vorönn 2021*.

Skil á áfangaskýrslum í lok vorannar 2021 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2021 – 98%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum í lok vorannar 2021 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2021 – 98%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanga, lokaverkefnisáfanga eða símatsáfanga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanga er að ræða. Aðstoðarskólameistari og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta í lok vorannar 2021 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2021 – 98%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga nokkuð vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar

upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu. Þó þarf að tryggja að kennarar sem fengir eru í stundakennslu undirgangist kröfur kerfisins.

Staða forvarna og úrbóta

Hvað er búið að gera á önninni:

- Unnið áhættumat vegna upplýsingaöryggis.
- Unnið við gerð áhættumats í verknámsdeildum.
- Keypt húsgögn í Austurenda fyrir nemendur til þess að brjóta upp hefðbundin kennslurými.
- Vinna að *Grænum skrefum*.
- Vinna við heilsueflandi framhaldsskóla. Grunnlína dregin til að vita hvaða áherslur þarf að gera.
- Búið að setja niður áherslur í forvarnamálum sem snúa að nemendum og starfsfólki.
- Keyptar fleiri öryggismyndavélar á heimavist og settar upp.
- Blackmagic myndavél ásamt fylgihlutum til þess að auðvelda myndbanda- og hlaðvarpsgerð. Eflir kennslu, m.a. fjarkennslu.
- Keyptar borvélar og geirungssög í trédeild.
- Yfirfarnar allar stærri vélar í mál- og byggingaiðndeildum og lagfærðar til að tryggja gæði og öryggi.
- Vinnustofukerfi mótað, endurmetið og rýnt. Ný uppfærsla verður tekin í gagnid fyrir haustönn 2021.
- Ýmsar stefnur og áætlanir skólanámskrár yfirfarnar og uppfærðar.

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Eins og sjá má voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista og flestum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram að upphafi næsta skólaárs. Gæðastjóri mun sjá um eftirfylgni með aðgerðalistanum.


Jafnlaunakerfið

Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar

Skólinn hlaut jafnlaunavottun á kerfi sitt á vordögum 2020 og hefur unnið með það síðan. Eftirlitsúttekt fór fram þann 14. maí og var hún án athugasemda og mælt var með áframhaldandi vottun. Hér fyrir neðan má sjá *Mynd 6* af ferli jafnlaunakerfis skólans.

Sett hafa verið markmið fyrir jafnlaunakerfið. Þau eru hluti af gæðamarkmiðunum og eru eftirfarandi:


- Vinna gegn óútskýrðum launamun
- Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismunun
- Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni
- Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum




Mynd 6. Ferill jafnlaunakerfisins VA.

Til þess að mæla efstu tvo liðina eru framkvæmdar launagreiðingar tvisvar á ári, undir lok hvorrar annar fyrir sig. Launagreiðing er unnin samkvæmt VKL-219 og eru gögn framkölluð af fjármálastjóra úr forritinu Emblu. Helstu niðurstöður fyrir vorönn 2021 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna óverulegur (5,68% konum í vil) eins og sjá má á Mynd 7. Þegar launin eru ekki uppreiknuð er munurinn hins vegar 5,82% körlum í vil. Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar þótt munurinn hafi minnkað síðustu annir. Til samanburðar var þessi tala 33,4% fyrir haustönn 2019 og 9,03 fyrir haustönn 2020.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 0,17% konum í vil (sjá Mynd 8) en snýst við þegar störfin eru ekki uppreiknuð (9,61 % körlum í vil). Einnig er munurinn óleiðréttur, þ.e. það er ekki búið að leiðrétta fyrir ákveðnum þáttum. Til samanburðar var þessi tala 19,5% körlum í vil á haustönn 2019 og hefur því töluvert áunnist.




Mynd 7. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Dagvinnulaun – VA – vorönn 2021.



Mynd 8. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Heildarlaun – VA – vorönn 2021.

Þegar yfirvinna er skoðuð er munurinn 22,41% körlum í vil. Til samanburðar má nefna að á haustönn 2019 var þessi munur 77,4% körlum í vil en 27,87 konum í vil á haustönn 2020. Það

eru því miklar sveiflur í yfirvinnu.



Mynd 9. Óleiðréttur launamunur uppveiknaður. Yfirvinnulaun – VA – vorönn 2021.

Innri úttektir jafnlaunakerfis

Í ársbyrjun 2021 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu og munu þær verða teknar út a.m.k. einu sinni á ári samkvæmt áætlun um innri úttektir. Um það er fjallað í kafla um innri úttektir.

Niðurstöður markmiða

Markmið	Aðgerð	Staða	Staða tekin	Mælanlegt markmið
Vinna gegn óútskýrðum launamun	Launagreiningar tvisvar á ári.	5.68%	3.6.2021	≤ 3% óútskýrður launamunur
Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismun	Innri úttektir Launagreiningar tvisvar á ári.	5.68%	3.6.2021	≤ 3% óútskýrður launamunur ≤ 3% óútskýrður munur kynjanna þegar kemur að úthlutun yfirvinnu
Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni	Könnun á meðal starfsmanna Hversu vel ert þú upplýst/ur um jafnlaunakerfið og viðhald þess?	70%	V21	≥ 90% svari mjög vel eða vel
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum	Staðan tekin í lok hvers skólaárs.	4-4	V21	Jöfn kynjahlutfall í stjórnunarstöðum

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

Að halda virkri vottun.

Austurendinn. Það að fá hann mun breyta ýmsu, t.d. í rekstri og vonir standa til að bætt aðstaða sem fylgir muni auka ánægju nemenda og starfsmanna.

Enduropnun Fab Lab smiðju í VA er líkleg til að efla enn frekar tengsl skólans við nærsamfélagið hvort sem um er að ræða aðrar menntastofnanir, einstaklinga, frumkvöðla/sprota eða fyrirtæki.

Það er nemendafæði á upptökusvæði skólans. Skapar óstöðugleika að hafa sveiflu í nemendafjölda vegna ólíkra áfangastærða. Dregur úr stöðugleika í námsframboði sem aftur veldur því að trú á skólann minnkar sem getur skilað sér í færri umsóknum.

Ýmiss lærdómur sem hægt er að draga af ástandinu sem skapaðist í COVID-19, t.d. á sviði ýmissa fjarlausna í stjórnun, námi og kennslu.

Umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu sem þróaðar voru í lok haustannar 2020 munu koma til með að hafa mikil áhrif á skólastarfið til lengri tíma og þ.a.l. þá þætti stjórnunarkerfissins sem snúa að námi og kennslu.

Mikil þjálfun sem kennarar fengu í fjarkennslu í COVID-19 sem verið er að byggja ofan á.

Tilmæli stjórnvalda vegna ástandsins í þjóðfélaginu um að það eigi að taka í auknum mæli við eldri nemendum í starfsnám.

Innleiðing á mannauðskerfum, grænum skrefum í ríkisrekstri, styttingu vinnuvikunnar og umhverfis- og loftslagsstefnu.

Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Til þess að taka þetta saman á skýrari hátt var ráðist í að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Sú vinna hófst á rýnifundi stjórnenda eftir vorönn 2020 og er það endurskoðað á hverjum rýnifundi stjórnenda.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Smæð skólans tryggir persónulega þjónustu við nemendur.	Smæð skólans getur ógnað fjölbreytileika í námsframboði.
Utanumhald með nemendum	Mötuneytis/kaffiaðstaða
Fjölbreytt námsframboð	Starfsaðstaða í verknámshúsi
Skýrir verkferlar í kringum nám og kennslu	Hafa ekki skapast sterkar hefðir í félagslífi
Stuttar boðleiðir	Ekki tekist að virkja foreldra nægilega inn í skólalífið
Góð heimavist og persónuleg eftirfylgni með vistarbúum	Loftgæði eru ekki nægilega góð
Markvisst innra mat	Tekst ekki nægilega vel að virkja nemendur
Mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk í erlendu samstarfi	Kennsluaðferðir og námsmat gæti verið fjölbreyttara og meira í anda leiðsagnarnáms
Vottað gæðakerfi	Vantar tæknibúnað til þess að efla kennslu
Starfsánægja	Fámennir námshópar
Vel menntað starfsfólk	Lítið um að vera í samfélaginu fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri
Starfsaðstaða í bóknámshúsi er góð	Minnkandi starfsánægja
Sveigjanleiki í vinnu	Skortur á formlegu lærdómssamfélagi
Stuðningur við nám starfsfólks	Of lítið hlutfall í stjórnun
Fab Lab í húsnæði skólans	Samkeppnisaðilar
Tæknidagur fjölskyldunnar	
Samnýting á húsnæði og mannafla við Nesskóla	
Góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu	
Góð tengsl við yfirvöld í sveitarfélaginu	
Heilsueflandi framhaldsskóli	
Upplýsingaflæði innan og utan stofnunar	
Umhverfisstarf	
Skólinn hefur innleitt virkt jafnlaunakerfi og hlotið jafnlaunavottun	
Endurmenntun hefur verið eflað innan skólans	
Upplýsingatæknikunnátta starfsfólks	
Lágt brottfall	
Fjölbreyttur nemendahópur	
Virkt samstarf við grunnskóla í sveitarfélaginu	
Vinnustofukerfið eykur sjálfræði og ábyrgð nemenda	

Tillögur um umbætur

Áframhaldandi þróun gæðakerfisins í kjölfar vottunar.

Kjarna áhættugreiningu betur (sterkar og veikar hliðar).

Tryggja að rýni námsmatsþátta eigi sér stað áður en viðkomandi þáttur er lagður fyrir.

Kortleggja áhrif af breytttri reglugerð um vinnustaðanám og innleiðingu rafrænnar ferilbókar á störf við stjórnun.

Endurskoða starfslýsingu deildarstjóra og ferla í gæðakerfinu með tilliti til breytinga á starfi deildarstjóra.

Tryggja að nýtt starfsfólk sé meðvitað um siðareglur vinnustaðarins. Setja það inn í feril við móttöku nýs starfsfólks.

Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið og samtvinna þau markmiðum úr stefnumótun ríkisaðila.

Halda áfram að þróa jafnlaunakerfið

þarf að tryggja það að stundakennarar sem koma að utan séu settir vel inn í gæðakerfið og þau skjöl sem þarf að skila vegna kennslunnar.

Halda áfram að þróa vinnustofukerfið innan skólans.

Halda áfram að leita allra leiða til að bæta upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna varðandi gengi í náminu.

Halda áfram að vinna með rýnihópafundi með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni.

Halda áfram að efla starfsfólk í því að tileinka sér fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við nemendur.

Vinna með starfsandann með því að efla ýmsa viðburði meðal starfsmanna. Fara í námsferðir og samtvinna þannig samveru og nám.

Efla áfram samstarf við grunnskóla í sveitarfélaginu.

Efla áfram samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, t.d. í tengslum við Fab Lab.

Efla félagslíf starfsfólks og nemenda með tilkomu Austurendans.

Setja niður áætlun í forvarnamálum sem snýr að nemendum og starfsfólki.

Koma upp endurmenntunaráætlun skólans í tengslum við eflingu starfsmannasamtala.

Tillögur um auðlindir

Mikilvægt að leitast við að bæta enn frekar starfsánægju.

Smæðin skapar gott utnumhald með nemendum. Kynna skólann á okkar styrkleikum.

Öflugt starf í UHÖ málum.

Nám og kennsla í COVID-19 sýnir okkur vel styrkleika skólans.

Vinnustofukerfið eykur sjálfstæði og ábyrgð nemenda.


Endurskipulagning á nýtingu húsnæðis skólans mun bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks.

Endurskoðun námsbrauta mun styðja við námsframboð skólans og eflir þannig stöðugleika í rekstri og þar með námsframboð í fjórðungnum.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2021			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Janúar 2022
	Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi	Gæðastjóri	Janúar 2022
	Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Janúar 2022
	Þjálfa upp nýja úttektaraðila	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Janúar 2022
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatstíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda.	Stjórnendur	Október 2021
	Gera þjónustukannanir á árinu	Gæðastjóri	Janúar 2022
	Efla starfsmannasamtöl og vinna að endurmenntunaráætlun.	Skólameistari	Desember 2021


AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2021			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Halda áfram reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni.	Gæðastjóri	Desember 2021
	Setja niður áætlun í forvarnamálum sem snýr að nemendum og starfsfólki.	Stjórnendur / forvarnafulltrúi	September 2021
	Vinna úr vinnustaðagreiningu með kynningu niðurstaðna og eftirfylgni umbótatillagna.	Skólameistari	Janúar 2022
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Halda áfram að þróa ferli við framvindumat	Gæðastjóri	Október 2021
	Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu vinni í samræmi við ferla gæðakerfisins	Gæðastjóri/Skólameistari	Janúar 2022
	Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatsþátta áður en þátturinn er lagður fyrir	Gæðastjóri	Desember 2021
5	Úrbætur		
	Kortleggja áhrif af breyttri reglugerð um vinnustaðanám og innleiðingu rafrænnar ferlibókar á störf við stjórnun.	Skólameistari	Janúar 2022
	Endurskoða starfslýsingu deildarstjóra og ferla í gæðakerfinu með tilliti til breytinga á starfi deildarstjóra.	Skólameistari / gæðastjóri	Janúar 2022
	Tryggja að nýtt starfsfólk sé vel upplýst um starfsemina þegar það hefur störf.	Skólameistari	Janúar 2022
	Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum.	Stjórnendur	Janúar 2022
6	Ytri kröfur		
	Halda áfram að kynna jafnlaunakerfi og meta árangur.	Gæðastjóri	Janúar 2022
	Auglýsa stöður innan skólans með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja.	Skólameistari	Janúar 2022
	Halda áfram innleiðingu grænu skrefanna (Græn skref í ríkisrekstri)	Skólameistari	Janúar 2022
	Halda áfram að þróa skjalamál skólans	Stjórnendur	Janúar 2022
	Innleiða upplýsingaöryggisstefnu	Persónuverndarteymi	Júní 2022
	Sporna gegn matarsóun í mötuneyti í samræmi við innkaupastefnu matvæla hjá ríkisaðilum	Skólameistari	Janúar 2022
	Innleiða samræmdan skrifstofuhugbúnað ríkisins.	Skólameistari / Kerfisstjóri	Janúar 2022
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Innleiðing og þróun á mannauðskerfum.	Skólameistari/Fjármála- og skrifstofustjóri	Janúar 2022
	Hefja kennslu á endurskoðuðum stúdentsbrautum í upphafi vorannar 2022.	Aðstoðarskólameistari	Janúar 2022

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2021			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið og samtvinnu þau markmiðum úr stefnumótun ríkisaðila.	Gæðaráð	Júní 2022
8	Tillögur um umbætur		
	Kynna gæðakerfið í heild	Gæðastjóri	Október 2021
	Koma gæðakerfinu í starfsmannahandbók	Gæðastjóri	Október 2021
	Efla og viðhalda samstarf við grunnskóla í fjórðungnum	Stjórnendur	Janúar 2022
	Efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu í tengslum við enduropnun Fab Lab	Stjórnendur	Janúar 2022
	Nýta Fab Lab markvisst í kynningarstarfi	Stjórnendur	Júní 2022
	Kjarna áhættugreiningu í tengslum við rýni stjórnenda á haustönn 2021	Stjórnendur	Janúar 2022
9	Tillögur um auðlindir		
	Vinna með starfsánægju með námskeiðahaldi, námsferðum og úrvinnslu vinnustaðagreiningar.	Stjórnendur	Janúar 2022
	Bæta aðgengi að mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.	Skólameistari	Janúar 2022
	Koma upp sal/aðstöðu fyrir félagslíf og fræðslu.	Skólameistari	Janúar 2022
	Bæta starfsaðstöðu kennara.	Skólameistari	Janúar 2022
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi.	Stjórnendur	Janúar 2022


 Lilja Guðný Jóhannesdóttir, skólameistari


 Karen Ragnarsdóttir

Karen Ragnarsdóttir, aðstoðarskólameistari


 Birgir Jónsson

Birgir Jónsson, gæðastjóri